

LÖGREGLUSAMPYKKT

fyrir Fjallabyggð.

I. KAFLI

Um reglu, velsæmi og almennt öryggi á almannafæri.

1. gr.

Með almannafæri er í samþykkt þessari átt við götur, vegi, gangstéttir, gangstíga, svæði ætluð til almenningnota og staði sem opnir eru almenningi, svo sem kvíkmyndahús, leikhús, samkomuhús, söfn, veitingastaði, verslanir, leiktækjastaði, bifreiðastöðvar, biðskýli og sölurna.

Með leiktækjastað er átt við stað þar sem aðgangur er veittur að leiktækjum, spilakössum, knattborðum, tölvum o.þ.h., gegn borgun.

2. gr.

Uppþot, áflog, óspektir eða önnur háttsemi sem raskar allsherjarreglu má ekki eiga sér stað á almannafæri og ekki mega menn þyrapast þar saman ef það tálmar umferð eða veldur vegfarendum óþægindum.

Enginn má áreita aðra á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega háttsemi.

3. gr.

Bannað er að hafast nokkuð að sem veldur ónæði eða raskar næturro manna.

Löggreglustjóri getur bannað notkun háttalara, hljómlutningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar á eða við almannafæri ef ástæða er til að ætla að hún valdi verulegu ónæði eða truflun.

Bæjarstjórn getur bannað neyslu áfengis á almannafæri á tilteknunum tíma á tilteknunum svæðum í þéttbýli. Síla samþykkt skal tilkynna löggreglustjóra og birta almenningi.

4. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri svo sem í eða við biðstöðvar almenningsvagna og leigubifreiða, miðasölur, banka, veitingastaði, verslanir eða aðra afgreiðslustaði, skal mynda röð þannig að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgreiðslu.

5. gr.

Hver sá sem staddur er á almannafæri er skyldur til að segja til nafns síns, kennitölu og heimilis þegar löggreglan krefst þess.

Skylt er að hlýða fyrirmælum sem löggreglan gefur s.s. vegna umferðarstjórnar eða til þess að halda uppi reglu á almannafæri.

6. gr.

Löggreglan getur vísað þeim mönnum í burtu af almannafæri sem með háttsemi sinni valda vegfarendum eða íbúum í nágrenninu ónæði.

Sama á við um þá sem valda óspektum, hættu eða hneykslan á almannafæri sökum ölvunar eða af öðrum ástæðum.

7. gr.

Meðferð vatns við hvers konar þrif utandyra er óheimil nema í frostlausu veðri ef það veldur rennsli á gangstétt, gangstíg eða götu þannig að valdi hættu eða óþægindum.

Í götubrunna og göturæsi má ekki hella mengandi efnum svo sem spilliefnum eða efnum sem valdið geta mengun eða skemmdum í holræsakerfinu.

Eiganda eða umráðamanni húss er skylt að fjarlægja af húsi sínu snjó og grýlukerti sem fallið geta niður og valdið hættu fyrir vegfarendur.

Eiganda eða umráðamanni húss, verkata eða öðrum sem ábyrgð bera á verkframkvæmdum hvers konar, er skylt að gæta fyllsta öryggis og hafa í huga þá sem eru þar vegna vinnu sinnar og þá

sem þar kunna að koma vegna annarra erinda. Framfylgja skal rökstuddum tilmælum byggingarfulltrúa hverju sinni.

8. gr.

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um á almannafæri og skemma þar ekki hluti sem ætlaðir eru til almenningsnota eða prýði. Þetta á einnig við þá hluta af húsum og öðrum mannvirkjum sem liggja að almannafæri.

Á mannvirki og hluti má ekki mála, teikna eða festa auglýsingar nema með leyfi eiganda eða umráðamanns.

Óheimilt er að reisa auglýsingaskilti á almannafæri nema með leyfi bæjarstjórnar. Sama gildir um ökutæki hvers konar með auglýsingum sem standa yfirgefnar og hafa þann tilgang að auglýsa á eða við almannafæri. Fylgja skal ákvæðum 32. gr. í vegalögum nr. 80/2007. Bæjarstjórn skal tilkynna löggreglustjóra um slík leyfi. Heimilt er að fjarlægja án fyrirvara hvers kyns lausafjármuni á kostnað eiganda, sem settir eru upp í auglýsingaskyni og án heimildar.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum, og hreinsa vel staðinn þar sem þær voru hafðar. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður eða gera ólæsilegar á annan hátt.

9. gr.

Bæjarstjórn getur sett umgengnisreglur um skemmtigarða, leikvelli, lystigarða, tjarnir, kirkjugarða og önnur opinber svæði, enda séu reglurnar festar upp við innganginn eða á öðrum áberandi stað.

Hvorki má troða niður ræktaða bletti, grasreiti, blómabeð og limgerði á almannafæri né slíta þar upp blóm eða annan gróður.

Eigi má gista í tjöldum, húsbílum, hjólhýsum og tjaldvögnum á almannafæri í þéttbýli utan sérmerktra svæða.

10. gr.

Tilkynna skal löggreglustjóra svo fljótt sem verða má um fyrirhugaðar hópgöngur, útifundi, tónleika og aðrar útisamkomur í því skyni að hann geti gert viðeigandi ráðstafanir varðandi stjórnun umferðar.

Löggreglustjóri getur breytt gönguleið eða samkomustað telji hann það nauðsynlegt.

11. gr.

Meðferð skotvopna á almannafæri er bönnuð nema með sérstakri undanþágu frá löggreglustjóra.

Ekki má á almannafæri ganga með logandi blys, kveikja í bálköstum né halda skoteldasýningar nema með leyfi löggreglustjóra.

12. gr.

Enga atvinnu sem tálmari umferð má reka á almannafæri.

Bæjarstjórn getur sett samþykktir um farandsölu og sölu á götum, torgum og öðrum stöðum.

13. gr.

Löggreglustjóri getur bannað öllum óviðkomandi, sem ekki eiga brýnt erindi, umferð út í skip, sem liggja í höfn.

14. gr.

Ekki má gera jarðrask, svo sem skurði í gangstéttir, götur eða torg né raska þeim á annan hátt, nema með leyfi bæjarstjórnar. Skal bæjarstjórn við veitingu leyfis setja skilyrði sem nauðsynleg eru til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og tilkynna leyfisveitingu til löggreglustjóra. Að verki loknu skal leyfishafi færa það í samt lag sem raskað var.

Þegar gerður er skurður í gangstétt skal sá sem verkið vinnur sjá um að tryggja öryggi gangandi vegfarenda og annarra, svo sem með því að sjá fyrir göngubrautum og tryggja að vegfarendur séu

aðvaraðir um farartálmann, t.d. með ljósum, glitmerkjum o.p.h. þegar dimmt er. Slík verk skulu unnin þannig að sem minnstur farartálmi verði. Sé nauðsynlegt að loka gangstétt vegna framkvæmda skal hjáleið tryggð og afgirt frá umferð ökutækja innan þéttbýlismarka og annars staðar þar sem umferð er mikil.

Bæjarstjórn getur bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti meðan á verki stendur eða skipað fyrir um hvernig umferðinni skuli hagað. Haft skal samráð við löggreglustjóra og vegamálastjóra þegar það á við. Einnig getur bæjarstjórn ákveðið að skurðir í götur séu byrgðir og uppgröftur fjarlægður þannig að umferð sé óhindruð um göturnar á þeim tíma sem ekki er unnið, svo sem að næturlagi og um helgar. Þá getur bæjarstjórn, ef hún telur framkvæmdirnar dragast um of, látið setja í samt lag það sem raskað var, eftir atvikum á kostnað þeirra sem ábyrgð bera á framkvæmd.

Setja skal upp skilti og merkingar til leiðbeiningar fyrir ökumenn vegna framkvæmda sem truflað geta umferð. Sé fyrirsjáanlegt að framkvæmdir muni taka lengri tíma en 7 daga skal setja upp ítarlegri skilti þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmdirna, á hvers vegum hún er og hvað hún muni standa lengi.

Þá getur bæjarstjórn beint þeim fyrirmælum til ökumanna og eigenda ökutækja að þeir leggi ekki ökutækjum á tilteknum svæðum svo unnt sé að framkvæma hvers konar nauðsynlegar viðgerðir eða hreinsanir á götum. Tilmælin skulu tilkynnt með upplýsingaskiltum eða öðrum tryggum hætti. Sé slíkum tilmælum ekki sinnt getur bæjarstjórn látið flytja ökutæki á brott án frekari viðvrunar svo viðgerð eða hreinsun geti farið fram. Tilkynna skal eiganda ökutækis og löggreglu um brotflutninginn og hvar má vitja ökutækisins sé það ekki flutt aftur á sama stað eftir að viðgerð eða hreinsun lýkur.

15. gr.

Húseigendum eða umráðamönnum húseigna er skylt að hlíta fyrirmælum bæjarstjórnar um frágang girðinga o.p.h. sem liggja að almannafæri. Einnig skal húsráðendum skylt að snyrta allan gróður, þ.m.t. trjágróður sem liggur að götum, gangstéttum og gangstígum, þannig að umferð vegfarenda sé óhindruð. Bæjarstjórn getur sett nánari reglur um skerðingu gróðurs. Hlíti húseigandi eða lóðarhafi ekki fyrirmælum bæjarstjórnar um frágang samkvæmt þessari grein er heimilt að láta vinna verkið á hans kostnað enda sé honum tilkynnt um það með hæfilegum fyrirvara.

Þegar hús eða annað mannvirki brennur eða það er flutt brott, án þess að annað sé byggt í staðinn, er eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu að ekki stafi af því hætta, óþrifnaður eða óprýði. Sama gildir um hús sem standa yfirgefin.

Þegar hús er byggt, rifið, endurbyggt eða flutt er eiganda og/eða verktaka skylt að haga sér eftir þeim fyrirmælum sem bæjarstjórn gefur til að forðast farartálma, hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur og skal hann setja upp skilti til leiðbeiningar eftir því sem við á. Við flutning húsa skal eigandi og/eða verktaki kalla til löggreglu eftir því sem umferðarlög kveða á um.

Girðingar sem hafa verið reistar vegna mannvirkjagerðar skal fjarlægja þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Um öryggi á vinnusvæðum við almannafæri gilda ákvæði skipulagslaga og laga um mannvirki auk reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og ákvæði laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ásamt reglum settum á grundvelli þeirra.

16. gr.

Enginn má án leyfis húsráðanda láta fyrir berast á lóðum hans eða landi. Auk þess getur lögreglan bannað mönnum að hafast þar við ef hún telur að það geti valdið óþægindum eða hættu.

Ekki má fara í híbýli manna í söluerindum ef húsráðandi leggur við því bann.

17. gr.

Enginn má fleygja rusli eða öðru þess háttar á almannafæri nema í þar til gerð ílát. Enginn má fleygja rusli eða öðru þess háttar á lóð eða land annars manns.

Hver sem það gerir skal flytja óhreinindin taflaust í burt á sinn kostnað.

Bannað er að eyða eða spilla gróðri í almenningsgörðum og á víðavangi.

Ekki má ganga örna sinna eða kasta af sér þvagi á almannafæri eða á lóð, land eða hibýli annars manns. Hver sem það gerir skal hreinsa upp eftir sig.

II. KAFLI Um ökutæki, umferð o.fl.

18. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það sem hindrar umferð.

Á götum má ekki hindra umferð með skemmtunum eða leikjum nema með leyfi lögreglustjóra.

Bannað er að leggja ökutæki á gangstéttum. Lögreglustjóri getur, að fengnum tillögum bæjarstjórnar, veitt undanþágu frá ofangreindu.

Vörubifreiðum sem eru 5 tonn að leyfðri heildarþyngd eða meira og fólksflutningabifreiðum sem flytja mega 10 farþega eða fleiri má ekki leggja á götum eða almenningsbifreiðastæðum nema þau séu til þess ætluð. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar án tillits til þunga þeirra. Bæjarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði þar sem undanþága hefur verið veitt.

Lögreglustjóri getur bannað stöðu eftirvagna og tengivagna, s.s. hestaflutningavagna, hjólhýsa, dráttarkerra, báta og þess háttar tækja sem og húsbíla, á götum og almennum bifreiðastæðum sem þykja valda óþægindum, óþrifnaði eða haettu.

Með vísan í ákvæði reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, er bannað að skilja eftir, flytja eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir einnig um smærri sem stærri hluti svo sem gáma, kerrur, bíla, bílluta, báta, skipsskrokka og annað þess háttar.

Heimilt er Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum þar sem tiltekinn er ákveðinn frestur eigenda til úrbóta, að fjarlægja framangreinda hluti, þ.m.t. númerslausar bifreiðar og bíflök. Sama gildir um ökutæki sem skilin eru eftir á opnum svæðum. Tilkynna skal skráðum eiganda og/eða umráðamanni um flutninginn og skal hann bera kostnað vegna flutnings og vörslu ökutækisins.

Þegar lausafjármunir, s.s. hjólhýsi, gámar, bátar, torgsöluhús, frístundahús sem ætluð eru til flutnings og stór samkomutjöld sem getið er um í kafla 2.6 í byggingarreglugerð nr. 112/2012, eru staðsettir án stöðuleyfis skal leyfisveitandi krefja eiganda um að fjarlægja þá innan eðlilegs frests, þó aldrei lengri frests en eins mánaðar, að öðrum kosti verði það gert á kostnað eiganda.

Þegar handhafi stöðuleyfis uppfyllir ekki þær kröfur sem fram koma í grein 2.6.1 sömu reglugerðar eða önnur skilyrði stöðuleyfis skal leyfisveitandi krefja hann um úrbætur innan hæfilegs frests, þó aldrei lengri frests en eins mánaðar. Verði viðkomandi ekki við þeim kröfum skal leyfisveitandi krefjast þess að lausafjármunir verði fjarlægdir innan hæfilegs frests, að öðrum kosti verði það gert á kostnað handhafa stöðuleyfis. Tilkynna skal eiganda og/eða umráðamanni um flutninginn og skal hann bera kostnað vegna flutnings og vörslu.

19. gr.

Vélar kyrrstæðra bifreiða og vinnuvéla sem ekki eru í notkun er óheimilt að hafa í gangi eða skilja eftir í gangi lengur er nauðsynlegt er, svo komast megi hjá mengun og hávaða á almannafæri og annars staðar þar sem ætla má að slíkt valdi óþægindum.

Ökuhraða skal ávallt haga þannig, að eigi valdi hættu eða óþægindum fyrir aðra umferð. Hámarkshraði vélknúinna ökutækja ákvarðast af almennum ákvæðum umferðarlaga og gildandi auglýsingum um umferð í bæjarfélaginu á hverjum tíma.

20. gr.

Lögreglustjóri getur að fengnum tillögum bæjarstjórnar, takmarkað eða bannað umferð stórvirkra vinnuvéla, vörubifreiða eða annarra ökutækja á einstökum götum ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérstakra óþæginda fyrir aðra umferð eða íbúa.

Allur akstur torfærutækja, s.s. vélsléða og torfæruhjóla, er bannaður innan þéttbýlis. Bæjarstjórn getur þó heimilað undanþágu frá þessu ákvæði á afmörkuðum svæðum og skal sú ákvörðun tilkynnt lögreglustjóra.

21. gr.

Á og við götur eða vegi eða þar sem hætta stafar af má ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, hjólaskautum, hjólabrettum, skautum, sleðum eða iðka leiki, skemmtanir eða íþróttir þannig að hætta eða umferðartruflun geti hlótist af. Einnig er bannað að hanga í bifreiðum, dráttarvélum, vögnum eða öðrum farartækjum sem eru á ferð eða festa við þau sleða, handvagn eða annað sem óþægindum eða hætta getur valdið.

Lögreglustjóri getur heimilað skíða-, sleða- eða rennibrautir á vegi í alfaraleið og skulu þeir vegir sérstaklega merktir sem slíkir. Þar mega ekki aðrir fara með ókutæki en íbúar gatnanna eða menn í erindum þeirra og skal þá ýtrastu varúðar og tillitssemi gætt.

Börn undir 15 ára aldri skulu almennt nota viðeigandi hlífðarbúnað við leik og útiveru þegar slíkt er við hæfi með tilliti til aðstæðna.

22. gr.

Ef ís á sjó eða vötnum þykir ekki nógur traustur getur lögreglustjóri bannað alla umferð um hann.

23. gr.

Þeir sem flytja farm um götur bæjarfélagsins skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá farminum að ekki valdi óþrifnaði eða hætta. Nota skal yfirbreiðslur þegar farmur er það fingerður að hætta er á að hann fjúki og alltaf skal nota gafl og vör við flutning innan bæjarmarkanna. Ef eitthvað hrynnur niður við flutning, fermingu eða affermingu á almannafæri er stjórnanda flutningstækisins skylt að hreinsa það upp þegar í stað, að öðrum kosti er bænum heimilt að gera það á kostnað flytjanda eða þess sem ábyrgð ber á flutningi.

Jarðverktakar og byggingarverktakar (framkvæmdaaðilar eða verktakar í þeirra þjónustu) sem aka frá framkvæmdasvæði og inn á gatnakerfi bæjarins skulu gæta þess að hreinsa flutningstæki sin og hjólbarða bifreiða sinna og vinnuvéla áður en þeir fara inn á malbikaðar götur.

Framkvæmdaaðilar eða verktakar á þeirra vegum skulu einnig gera ráðstafanir á aðkeyrslum framkvæmdasvæða þannig að bifreiðar, vélar og tæki beri ekki óþrif s.s. jarðveg inn á gatnakerfi bæjarins t.d. með hreinum yfirborðsefnum og/eða þvotti, að öðrum kosti er bænum heimilt að þrífa götur á kostnað framkvæmdaaðila.

Öðrum en starfsmönnum og verktökum á vegum Fjallabyggðar er óheimilt að dreifa efni s.s. sandi, möl eða salti á götur bæjarins.

III. KAFLI Um veitingastaði, skemmtanahald o.fl.

24. gr.

Um leyfi til rekstrar veitingastaða, útleigu samkomusala í atvinnuskyni og leyfi til skemmtanahalds gilda ákvæði laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Veitingastaði án áfengisveitinga (flokkur I) er heimilt að hafa opna allan sólarhringinn. Staffi íbúum í nágrenni slíks veitingastaðar ónæði af rekstrinum getur bæjarstjórn þó takmarkað afgreiðslutíma hans.

Ákveði bæjarstjórn ekki Annað eru áfengisveitingar á umfangslitum áfengisveitingastöðum (flokkur II) heimilar frá kl. 06.00 til kl. 23.00 alla daga. Með sama fyrirvara eru áfengisveitingar á umfangsmiklum áfengisveitingastöðum (flokkur III) heimilar frá kl. 06.00 til kl. 23.30 virka daga og til kl. 03.00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og almennra frídaga.

Áfengisveitingastöðum skal lokað þegar heimiluðum áfengisveitingatíma lýkur og má ekki opna þá að nýju að morgni dags fyrr en a.m.k. tvær klukkustundir eru liðnar frá lokun. Allir gestir skulu hafa yfirgefið áfengisveitingastað eigi síðar en einni klukkustund eftir lokun hans.

Afgreiðslu- eða þjónustutími verslana og annarra þjónustufyrirtækja er frjáls að því marki sem heimilt er að lögum er gilda á hverjum tíma eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim. Bæjarstjórn getur þó takmarkað afgreiðslu- eða þjónustutíma hjá einstökum aðilum ef starfsemin veldur nágrönum eða vegfarendum ónæði.

Þegar halda á dansleiki eða aðra viðburði, á vegum félagasamtaka framhaldsskóla, á skemmti- og veitingastöðum innan bæjarfélagsins sem hafa gilt rekstrarleyfi, þarf ekki að óska eftir umsögn bæjarstjórmrar.

25. gr.

Hver sá sem rekur veitinga- eða gististað, kvíkmyndahús, leikhús eða annað samkomuhús eða heldur almenna skemmtun eða sýningu, skal sjá um að allt fari þar vel fram og starfsemin valdi ekki nágrönum eða vegfarendum ónæði.

Slík starfsemi skal háð sérstöku eftirliti löggreglu og er henni heimilt að fara um samkomusali og önnur húsakynni sem gestir eiga aðgang að.

Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

26. gr.

Enginn má reka leiktækjastað eða þess háttar starfsemi gegn borgun nema með leyfi löggreglurstjóra að fenginni umsögn bæjarstjórnar. Leyfi skal ekki veita til lengri tíma en fjögurra ára í senn. Það skal bundið við nafn leyfishafa og rekstur á tilteknum stað. Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu enda hafi leyfishafi ekki sinnt áminningu um úrbætur.

Börnum yngri en 14 ára er ekki heimill aðgangur að slíkum leiktækjastöðum nema í fylgd með forráðamönnum. Miða skal aldur við fæðingarár en ekki fæðingardag.

IV. KAFLI

Um götuspjöld og húsnúmer.

27. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp skilti með þeim, þar sem þurfa þykir, svo sem við gatnamót og á fasteignir.

Húseigendur skulu merkja hús sín með húsnúmeri og eftir atvikum bókstöfum, á götuhlið eða öðrum áberandi stað, vegfarendum og þjónustuaðilum til glöggvunar.

V. KAFLI

Um útvistartíma barna og ungmenna.

28. gr.

Um útvistartíma barna og ungmenna gilda ákvæði barnaverndarlaga og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.

VI. KAFLI

Um búfjárhald og hundahald.

29. gr.

Búfjárhald er bannað í þéttbýli, nema með leyfi bæjarstjórnar, sbr. samþykkt nr. 185/2011 um búfjárhald í Fjallabyggð. Um hundahald fer samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar nr. 631/2012. Um kattahald fer samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar nr. 636/2012. Bæjarstjórn getur kveðið á um annað fyrirkomulag í sérstökum samþykktum á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um lausagöngu búfjár fer samkvæmt vegalögum og lögum um búfjárhald o.fl.

Umferð reiðhesta er bönnuð innan þéttbýlismarka annars staðar en á merktum reiðstígum nema með sérstöku leyfi eða samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar.

VII. KAFLI

Um refsingar, kostnað, gildistöku o.fl.

30. gr.

Ef einhver lætur það ógert sem honum er skylt að gera samkvæmt löggreglusamþykkt þessari getur lögreglustjóri látið framkvæma það eða gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður sem leiðir af framkvæmdum og ráðstöfunum lögreglustjóra greiðist af þeim er ábyrgð ber á vanrækslunni.

Nr. 252

12. febrúar 2018

31. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum sbr. 6. gr. laga nr. 36 18. maí 1988 um lögreglu-samþykktir nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum eða reglugerðum.

Mál sem varða brot gegn ákvæðum samþykktar þessarar skal fara með að hætti laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

32. gr.

Lögreglusamþykkt þessi er sett samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 36/1988, um lögreglu-samþykktir, og öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 12. febrúar 2018.

Sigríður Á. Andersen.

Haukur Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 6. mars 2018